



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **ÍSBRJÓTURINN SNÆDREKINN MÁLÞING — HEIMSÓKN UM BORD — MÓTTAKA**

Forseti Íslands tekur nú fyrir hádegi þátt í málþingi íslenskra og kínverskra vísindamanna í tilefni af siglingu kínverska ísbrjótsins Snædrekans (Xuelong) um Norðurpólinn og norðausturleiðina. Um 60 kínverskir vísindamenn taka þátt í leiðangrinum og verða nokkur rannsóknarverkefni þeirra kynnt á málþinginu sem fram fer í hátíðasal Háskóla Íslands. Þar fjalla íslenskir vísindamenn einnig um rannsóknir sínar á hafís, eldvirkni og haffræði Norðurslóða. Tveir íslenskir vísindamenn taka þátt í ferð Snædrekans. Forsetinn mun svo flytja lokaávarp á málþinginu.

Síðdegis kl. 14:30 munu forsetahjónin heimsækja Snædrekan þar sem stjórnendur leiðangursins og vísindamenn kynna þeim rannsóknir á bráðnun íss á Norðurslóðum og verkefni kínversku Heimskautastofnunarinnar á þessu sviði. Forseti Íslands heimsótti höfuðstöðvar stofnunarinnar í Shanghæ þegar hann tók þátt í Íslandsdeginum á Heimssýningunni 2010. Við það tækifæri var rætt um hugsanlega siglingu Snædrekans um norðurleiðina frá Kína til Íslands.

Klukkan 17:00 verður svo móttaka á Bessastöðum fyrir kínversku vísindamennina og áhöfn Snædrekans þar sem einnig verða íslenskir vísindamenn og sérfræðingar ásamt forystumönnum íslenskra rannsóknarstofnana.

Með heimsókn Snædrekans er lagður grundvöllur að frekara samstarfi í rannsóknum á bráðnun íss á Norðurslóðum, hraða loftslagsbreytinga og áhrifum þeirra á hafstrauma og lífríki úthafanna.

*17. ágúst 2012*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*